

Svar við fyrirspurn

Til: Íbúaráð Kjalarness

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness um styrk úr fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingu í dreifbýli Kjalarness

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn íbúa á Kjalarnesi um styrk úr fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingu í dreifbýli Kjalarness. Fjármála- og áhættustýringarsvið óskaði eftir svörum um málið frá umhverfis- og skipulagssviði sem fer með málaflokkinn. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hefur fjarskiptasjóður greitt borginni þann styrk sem ætlaður var sem hluti af fjármögnun á ljósleiðaravæðingu dreifbýlis í Reykjavík? Vísað er til styrksins í erindi íbúa á Kjalarnesi um ljósleiðaramál (R20100107). Þar kemur einnig fram að tilboð Mílu vegna verkefnisins hafi verið mun lægra en upphafleg kostnaðaráætlun.“

Svar Umhverfis- og skipulagssviðs:

Hefur fjarskiptasjóður greitt borginni þann styrk sem ætlaður var sem hluti af fjármögnun á ljósleiðaravæðingu dreifbýlis í Reykjavík?

Fjarskiptasjóður hefur nú þegar greitt borginni þann styrk sem ætlaður var sem hluti af fjármögnun á ljósleiðaravæðingu dreifbýlis í Reykjavík.

Hvers vegna Kjalnesingar þurfa að greiða heimtaugargjald?

Ekkert er í úthlutunarreglum *Ísland ljóstengt* sem skilgreinir lágmark eða hámark heimtaugargjalda (inntaksgjalda). Hins vegar er í reglunum kvöð um að lágmarks upphæð sem sveitarfélag og húseigandi eigi að greiða í framkvæmd kerfisins sé 500.000 kr. án vsk. Í dreifbýli Reykjavíkur hefur borgarráð samþykkt að notendur greiði 100.000 kr. og hluti Reykjavíkur varð þ.a.l. 555.955 kr.

Fjármögnun ljósleiðarakerfis í dreifbýli Reykjavíkur

Fjármögnun:	Heild	pr. notanda	
Reykjavíkurborg, án vsk.	48.924.067	555.955	
Inntaksgjald, 88 notendur, án vsk.	8.800.000	100.000	
Fjarskiptasjóður styrkur, 88 notendur, án vsk.	32.889.120	373.740	
Samtals kr. án vsk.	90.613.187	1.029.695	

Er gjaldið sambærilegt eða sama gjald og greitt á öðrum stöðum í dreifbýli (ef það er þannig)?

Fyrir styrkhæfa staði (heilsársbúseta og fyrirtæki) hefur eftirfarandi gilt í dreifbýli. Dýrara hefur verið að tengja sumarhús og aðra staði:

Mosfellsbær: 100.000 + vsk.
Hornafjörður: 280.000 + vsk.
Langanesbyggð: 201.613 + vsk.
Norðurþing: 201.613 + vsk.
Vesturbyggð: 201.613 + vsk.
Árborg: 201.613 + vsk.
Flóahreppur: 201.613 + vsk.
Bláskógabyggð: 201.613 + vsk.

Getið þið sett eitthvað niður sem gerir grein fyrir þessu og hver hátturinn er hafður á hjá öðrum sveitarfélögum varðandi þennan kostnað, ef þið hafið slíkar upplýsingar?

Það er alfarið í höndum hvers sveitarfélags að ákveða hvort heimtaugargjöld verði innheimt og þá hvað þau verði há. Lægri upphæð í heimtaugargjöldum þýðir hærri upphæð sem sveitarfélagið þarf að greiða í framkvæmdarkostnaði.

Á hverju er þessi ákvörðun byggð?

Fjarskiptainviðir í dreifðum byggðum sveitarfélagsins anna ekki þeirri fjarskiptapörf sem nútíminn krefst. Ljóst er að fjarskiptafélögin munu ekki fara í þá kostnaðarsömu aðgerð að ljósleiðaravæða dreifbýli landsins á eigin kostnað, eins og gert hefur verið í þéttbýli á suð og suðvestur horni landsins. Ríkið fór því af stað með átakið *Ísland ljóstengt* til að styrkja sveitarfélög til að fara í þá vegferð að tengja dreifbýli innan eigna sveitarfélagamarka. Verkefnið er að stærstum hluta fjármagnað fyrir opinbert fé. Stofngjald notenda hefur því verið hluti af heildarfjármögnun verkefnisins hjá langflestum sveitarfélögum. Vegna nálægðar við þegar ljósleiðaravætt þéttbýli svo og þéttari byggð á einhverjum stöðum var lagt upp með að stilla gjaldinu í hóf (miðað við dreifbýli í öðrum sveitarfélögum) en um leið að óska þess að húseigendur tækju að einhverju leiti þátt í þessari mikilvægu framkvæmd sem lagning ljósleiðara í dreifbýli er.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Hjálagt:

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Fjarskiptasjóður. Íslands ljóstengt 2020, fyrirkomulag og skilmálar styrkúthlutunar til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli.